



LÖGMENN LAUGARDAL

Sveitarfélagið Hornafjörður
b.t. Björns Inga Jónssonar, bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Reykjavík, 14. september 2017

Efni: Meðferð mála Ice Lagoon ehf. á vegum bæjarstjórnar Hornafjarðar í tengslum við starfsemi félagsins við Jökulsárlón í Vatnajökulsþjóðgarði.

Til Lögmanna Laugardal hefur leitað Ingvar Þórir Geirsson, kt. 031180-2959, f.h. Ice Lagoon ehf., kt. 440511-0660, til að koma fram fyrir hönd félagsins í málefnum þess er varða starfsemi ferðaþjónustu við Jökulsárlón í Vatnajökulsþjóðgarði.

Eins og þér er kunnugt um hafa málefni Ice Lagoon ehf., tengt starfsemi þess við Jökulsárlón, ítrekað komið til umfjöllunar og ákvarðana bæjarstjórnar og bæjarráðs sveitarfélagsins Hornafjarðar undanfarin ár. Við skoðun á forsögu málsins og fyrirliggjandi gögnum verður vart komist að annarri niðurstöðu en að sveitarfélagið, og eftir atvikum einstakir fulltrúar þess, hafi ekki gætt jafnræðis við úrlausn mála og jafnvel komið fram af valdniðslu og hlutdrægni í ákveðnum tilvikum. Þannig hafi verið tryggður uppgangur og afkoma Jökulsárlóns Ferðaþjónustu ehf, samkeppnisaðila Ice Lagoon ehf., ýmist með athöfnum eða athafnaleysi á sama tíma allt kapp var lagt í að fá starfsemi Ice Lagoon ehf. stöðvaða.

Í mörgum tilvikum fól bæjarstjórn eða bæjarráð þér, sem bæjarstjóra, að fylgja eftir eða leiða til lykta málefni er vörðuðu Ice Lagoon ehf. og margt bendir til þess þú hafa farið fremstur í þeirri viðleitni sveitarfélagsins að stöðva rekstur félagsins á svæðinu. Þá liggur fyrir að þú átt einnig sæti í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, ert formaður stjórnar svæðisráðs suðursvæðis hans og átt jafnframt sæti í þriggja manna nefnd um framtíðarskipulagningu við Jökulsárlón.

Að mati Ice Lagoon ehf., og með vísan til fyrirliggjandi gagna, hefur sveitarfélagið og mögulega einstakir fulltrúar í bæjarstjórn og bæjarráði bakað sér bótaskyldu með framferði sínu við meðferð mála félagsins er varðar starfsemi þess við Jökulsárlón. Ljóst er að um er að ræða verulegar fjárhæðir, en lauslega má áætla að félagið hafi orðið af tekjum á bilinu 280 – 400 mkr. á tímabilinu enda þótt endanleg tjónsfjárhæð liggi ekki fyrir að svo stöddu. Þá hefur félagið varið á fjórða tug milljóna í málskostnað til lögmanna til að gæta hagsmuna og koma fram fyrir hönd félagsins gagnvart sveitarfélaginu, fulltrúum þess, samkeppnisfirvöldum og dómstólum. Þá er vakin sérstök athygli á því að ákvæði laga girða ekki fyrir að kjörmir fulltrúar verði persónulega bótaskyldir eftir almennum reglum skaðabótaréttar vegna stjórnvaldsákvarðana sinna, sbr. einkum dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 412/2010.

Þá skal að endingu upplýst að mál þetta verður rekið opinberlega á vettvangi fjölmiðla eftir því sem ástæða kann að gefa til.

Hjálagt með bréfi þessu er afrit erindis, dags. í dag, sem sent verður stjórnarformanni Vatnajökulsþjóðgarðs, auk ráðherra umhverfis- og auðlindamála, en þar er atvikum og forsögu



LÖGMENN LAUGARDAL

málsins betur lýst. Bréf þetta er jafnframt sent fulltrúum í bæjarstjórn og bæjarráði sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Ice Lagoon ehf.

Björn Þorri Viktorsson, hrl.